



# Vistvangur

---

er í skilgreiningu GFF afmarkað svæði þar sem náttúrugæði eru endurheimt. Eftirfarandi punktar gera nánari grein fyrir þeirri hugsun sem liggur að baki:

- *Vistvangur* er hugtak í anda sjálfbærrar þróunar, upprunnið á Íslandi og tekur mið af því hve uppblástur og gróðureyðing hafa leikið fósturjörðina grátt í gegnum aldirnar.
- *Vistvangur* er skilgreint, afmarkað svæði þar sem lífrænn úrgangur af mannlegri starfsemi er notaður til að byggja upp „náttúrulegan höfuðstól“ gróðurs og jarðvegs.
- *Vistvangur* er „snortið“ svæði. Mannleg starfsemi skilar viðkomandi landi hreinum, lífrænum afrakstri og eflir frjósemi þess.
- Á *vistvangi* fer fram ræktun lands og lýðs. Þar er æskulýður af öllum skólastigum sem og hópar innlendra og erlendra sjálfbóðaliða við nám og störf að endurheimt landgæða.
- Á *vistvangi* fara fram rannsóknir innlendra og erlendra sérfræðinga á uppgræðslu og gróðurframvindu.
- *Vistvangur* getur orðið leiðarstef út fyrir landsteinana, íslenskt dæmi um nærtæk úrræði við staðbundnum jafnt sem hnattrænum umhverfismálum.